

að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 98/1942. **Eigendur v/b. Ársæls V. E. 8**  
(Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Eigendum v/b. Kára V. E. 27**  
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms og visun máls heim í hérað.

#### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Jóhnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódomsmönnum Páli Þorbjarnarsyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Mál þetta var þingfest í héraði 4. okt. 1941, og á dómþingi 31. s. m. lagði stefndi fram greinargerð og mótmælti kröfum sækjanda. Átti héraðsdómur þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveða á um munnlegan málflytning eða skriflegan og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja fresti á víxl og skiptast á alls 6 skriflegum greinargerðum til 4. júní 1942. Var málið þá tekið til dóms og dæmt, án þess að munnlegur málflytningur færi fram og án þess að héraðsdómur hefði tekið afstöðu til þess samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936, hvort skilyrði til skriflegs málflyttings væru fyrir hendi. Með því að málsmeðferðin brýtur svo í bága við nefnda 109. gr., þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá þinghaldi 31. okt. 1941 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

## Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá 31. okt. 1941 og héraðsdómur skulu vera ómerk og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

## Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 29. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðmundi Einarssyni útgerðarmanni, Viðey hér, fyrir hönd eigenda v/b. Ársæls V. E. 8 með stefnu, útgefinni 24. september 1941, birtri 25. s. m., á hendur eigendum v/b. Kára V. E. 27, þeim Þórdísi Guðjónsdóttur, Svanhóli, Jóhanni Sigfússyni útgerðarmanni, Skólaveg 23, Óskari Jónssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 15, og Þórarni Guðjónssyni útgerðarmanni, Svanhóli, öllum hér í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum vegna árekstrar, að upphæð kr. 37787.50, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 24. september 1941, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. reikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu og nemur að upphæð kr. 1807.80.

Hinir stefndu hafa látið mæta í málinu og gert þær réttarkröfur, aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hlutfallslega upphæð af raunverulegum viðgerðarkostnaði v/b. Ársæls, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að v/b. Kára yrði gefin sök á árekstrinum að einhverju leyti. Einnig krefjast þeir málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 17. apríl 1941, kl. um 5,45 e. h., varð árekstur milli v/b. Ársæls og v/b. Kára rétt hjá Klettsnefinu í Vestmannaeyjum. V/b. Ársæll var að koma heim úr róðri og sigldi suður með Ysta-kletti (Klettinum), en v/b. Kári var á leið í róður og sigldi út Vikina fyrir austan höfnina í Vestmannaeyjum. Logn var og sólskin og sléttur sjór. Er bátarnir voru í ca. 200 metra fjarlægð hvor frá öðrum, urðu þeir varir hvor við annan. Eftir því sem fyrir liggur, virðast þeir báðir hafa siglt með venjulegum hraða, en ganghraði v/b. Ársæls er 6 sjómilur á klukkustund, en ganghraði v/b. Kára 8 sjómilur á klukkustund. Rétt austan við Klettsnefnið, í flánni, þar sem klettsnefið skagar lengst til suðurs, varð áreksturinn, og rakst stefnið á v/b. Kára á stefni v/b. Ársæls bakborðsmegin, og skall v/b. Ársæll um leið utan í bergið. V/b. Kári skemmdist ekki við áreksturinn, en hins vegar varð v/b. Ársæll fyrir allmiklum skemmdum og aðallega stjórnborðsmegin eða þeim megin, sem að berginu sneri. Meðal annars klofnaði stefni bátsins, og rann

sjør inn í lúkar. Samt sem áður gat v/b. Ársæll haldið áfram ferð sinni og komst hjálparlaust inn á höfn í Vestmannaeyjum. Telur stefnandi, að v/b. Kári eigi alla sök á árekstrinum, og beri því hinum stefndu að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem eigendur v/b. Ársæls biðu við áreksturinn. Telur hann, að tjónið nemi hinni umstefndu upphæð, og er þar í innifalið kosnaður við viðgerð á skemmdum á v/b. Ársæli samkv. yfirmatsgerð, kr. 12828.90, og enn fremur aflatjón skipsins, aflahlutur skipshafnar, kosnaður við matsgerðir, sjópróf o. fl. Hinir stefndu hins vegar telja, að v/b. Ársæll eigi alla sök á árekstrinum, og krefjast sýknu af þeim sökum. Eins gera þeir margar athugasemdir við kröfu stefnanda, sem þeir telja allt of háa. Um nánari atvik að árekstrinum hefur þetta komið fram í málinu:

Formaðurinn á v/b. Ársæli, Karl Guðmundsson, skýrði svo frá í sjóprófunum, sem fram fóru rétt á eftir, að áreksturinn varð, að er hann beygði inn á Vikina fyrir Klettsnefið, hafi hann séð v/b. Kára koma austur Vikina og hafa stefnu austur og var um 2 strik til bakborða við v/b. Ársæl. Kveðst formaðurinn hafa verið kominn það sunnarlega, er hann sá v/b. Kára fyrst, að hann hafi séð báða hafnargarðana og verið búinn að beygja eins mikið og hann þurfti til þess að taka stefnu beint inn á höfnina. Hafi v/b. Kári þá verið í ca. 200 m fjarlægð. Formaðurinn kveðst sjálfur hafa verið uppi ásamt vélstjóranum, Sigurði A. G. Pálssyni, og Júlíusi Guðjónssyni háseta. Hafi vélstjórinn verið á þilfari, en formaðurinn og hásetinn í stýris húsinu. Hann kveðst hafa séð, að v/b Kári vék aðeins til bakborða, og hafi hann þá vikið til stjórnborða og eins nærri Klettinum og hann þorði, en er komið var austur með klettsnefinu, hafi v/b. Kári siglt á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Er árekstur var fyrirsjáanlegur, kveðst hann hafa hægt á ferð skipsins. Í sömu átt gengur framburður hásetans Júlíusar Guðjónssonar og vélstjórans Sigurðar Pálssonar. Júlíus Guðjónsson kveðst fyrst hafa séð möstrin á v/b Kára koma undan Klettsnefinu, en báðir telja þeir, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við v/b. Ársæl, er þeir sáu hann fyrst, en raunar „aðeins“ til „bakborða“, eftir því sem vélstjórinn segir. Báðir segja þeir, að þegar v/b. Kári nálgadist, hafi v/b. Ársæll beygt til stjórnborða, og tók Sigurður Pálsson það sérstaklega fram, að aðeins hafi verið beygt litilsháttar, því ekki hafi verið hægt að beygja meira vegna þess, hve báturinn var nærri Klettinum. Báðir segja þeir, að hægt hafi verið á ferð v/b. Ársæls, er áreksturinn var fyrirsjáanlegur, og virðist mega ráða af framburði þeirra og formannsins, að ekki hafi verið bakkað fyrr en eftir áreksturinn. Af framburðum þeirra virðist einnig auðsætt, að v/b. Ársæll hafi siglt mjög nærri Klettinum, og er það einnig stutt með umsögnum vitna, sem sáu til ferða v/b. Ársæls rétt fyrir áreksturinn. Bæði formaðurinn og Júlíus Guðjónsson fullyrða, að v/b. Ársæll hafi ekki beygt til bakborða, eftir að

sást til v/b. Kára. Tíminn, sem leið, frá því þeir sáu til v/b. Kára og þangað til áreksturinn varð, virðist hafa verið örstuttur, og áætlar vélstjórinn á v/b. Ársæl, að ekki hafi verið um lengri tíma að ræða en um eina mínútu.

Formaðurinn á v/b. Kára, Sigurður Bjarnason, skýrir svo frá, að hann hafi lagt af stað í róður kl. 5,30 e. h. umræddan dag, og þegar komið var út fyrir hafnargarðana, hafi stefna verið sett laust fyrir Klettsnefið. Sjálfur kveðst hann hafa verið við stýrið, auk þess hafi 3 skipverjar verið uppi, vélstjórinn Kristján Sigurður Sigurjónsson, stýrimaðurinn Jóhann Sigfússon og Edvín Jólsson háseti. Er v/b. Kári var ca. 80—100 metra vestur af Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa séð stefni v/b. Ársæls koma fram undan Klettinum, og hafi þá fjarlægðin milli bátanna verið um 200—250 metrar. Vegna þess að stefna v/b. Kára hafi legið nærri Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa vikið á stjórnborða til þess að gefa v/b. Ársæl nægilegt rúm við Klettsnefið, en í sömu svifum hafi v/b. Ársæll beygt til bakborða, og beygði hann þá sjálfur einnig til bakborða, en um leið beygði v/b. Ársæll til stjórnborða, eða upp að Klettinum og í veg fyrir v/b. Kára. Kveðst formaðurinn þá hafa bakkað fullt aftur á, en allt að einu varð áreksturinn. Segir formaðurinn, að vél v/b. Kára hafi haft svo vel aftur á, að v/b. Kári fjarlægðist v/b. Ársæl þegar í stað eftir áreksturinn, og hjuggust þeir ekki saman aftur. Stýrimaðurinn á v/b. Kára, Jóhann Sigfússon, kveðst hafa verið að stanga kaðla fyrir aftan stýrishúsið, áður en áreksturinn varð, og ekkert séð framundan sér. Hann kveðst hafa orðið þess var allt í einu, að vélinni var skipt aftur á, og rétt á eftir fann mættur högg-ið, er orsakaðist af árekstri bátanna. Kveðst hann hafa þotið upp til þess að sjá, hvað um væri að vera, og hafi þá v/b. Kári verið að fjarlægjast v/b. Ársæl, sem honum virtist liggja upp við bergið. Vélstjórinn á v/b. Kára, Kristján Sigurður Sigurjónsson, kveðst hafa tekið eftir v/b. Ársæl, er hann kom undan Klettsnefinu, og hafi hann séð á stjórnborðsbóg v/b. Ársæls og tekið eftir númerinu. Hann kveðst ekki hafa veitt v/b. Ársæl frekari gaum í bili, en hins vegar kveðst hann hafa veitt því athygli, að formaðurinn á v/b. Kára beygði fyrst til stjórnborða og þverlagði síðan til bakborða. Þá kveðst hann einnig hafa veitt því athygli, að v/b. Ársæll beygði til stjórnborða upp að Klettinum. Einnig veitti hann því athygli, að v/b. Kári bakkaði eða tók afturá, og virtist honum það hafa gerzt í sömu svipan og v/b. Kári var að snúast til bakborða. Hann segir einnig, að þegar áreksturinn varð, hafi verið dregið úr hraða v/b. Kára, og hafi v/b. Kári losnað við v/b. Ársæl beint út frá bátnum. Edvín Jólsson, háseti á v/b. Kára, kveðst hafa tekið eftir v/b. Ársæl, er v/b. Kári var nærri kominn að Klettsnefinu, og beygði v/b. Kári þá til stjórnborða, en v/b. Ársæll til bakborða. Skipti þar engum togum, að v/b. Kári beygði til bakborða, en v/b. Ársæll til stjórnborða. Hafi v/b. Kári þá bakkað með fullri ferð aftur á, og

virtist hásetanum, að ferðin væri af v/b. Kára, er bátarnir rákust á. Bæði formaðurinn, vélstjórinn og hásetinn telja, að árekstur hefði orðið allt að einu, þótt v/b. Kári hefði ekki beygt til bakborða, heldur haldið áfram að beygja til stjórnborða, en v/b. Ársæll myndi þá hafa rekizt á v/b. Kára bakborðsmegin aftan til við miðju. Af framburði þeirra virðist mega ráða, að v/b. Kári hafi siglt nærri Klettsnefinu, en formaðurinn heldur því fram, að hann hafi siglt venjulega leið og þar af leiðandi ekki grynna en venjulegt sé á útsiglingu. Samkv. framburði formannsins, sem sér á stefni v/b. Ársæls, og framburði vélstjórans, sem sér á stjórnborðsbóg hans, hefur v/b. Kári verið til stjórnborða við v/b. Ársæl, er þeir fyrst urðu v/b. Ársæls varir.

Eins og ofanritað ber með sér, gætir allmikils ósámræmis í framburði skipshafnarinnar á v/b. Kára og skipshafnarinnar á v/b. Ársæli. Ársælsmenn halda því fram, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og hafi honum því borið að vikja. Káramenn aftur á móti halda því gagnstæða fram. Enn fremur halda Káramenn því fram, að v/b. Ársæll hafi í fyrstunni beygt til bakborða, en því er algerlega neitað af skipshöfn v/b. Ársæls.

Til þess að glöggva sig á öllum aðstæðum var farið á m/b. Kára út að Klettsnefi hinn 10. maí 1941. Voru þar með formaður dómsins og meðdómendurnir, enn fremur umboðsmenn v/b. Kára og Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja svo og formenn beggja bátanna. Voru báðir formennirnir látnir sýna þá leið, er þeir fóru, þegar áreksturinn varð. Sigurður Bjarnason var látinn sigla leiðina tvisvar, og virtist ekkert koma fram, sem veikti framburð hans eða hans manna. Karl Guðmundsson var látinn gera þrjár tilraunir til þess að sýna leið þá, sem v/b. Ársæll hafi farið í umrætt skipti. Af tilraunum hans varð það bert, að framburður hans og manna hans um það, að þeir hafi haft v/b. Kára á bakborða, er þeir sáu hann fyrst, fær alls ekki staðizt. Liggur þetta einnig í augum uppi, þegar komið er á staðinn, og það haft í huga — sem telja má upplýst —, að báðir bátarnir hafi siglt allnærri Klettinum. Framburður hásetans á v/b. Ársæli Júlíusar Guðjónssonar um, að hann hafi fyrst séð möstur v/b. Kára koma fram undan Klettinum, getur heldur ekki samrýmzt því, að v/b. Kári hafi verið til bakborða við v/b. Ársæl. Að þessu athuguðu verður að ganga út frá — þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar þeirra á v/b. Ársæli —, að v/b. Kári hafi verið til stjórnborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og þar þeim því að vikja. Þótt v/b. Kári rekist síðan á bakborðskinnung v/b. Ársæls, hnekkir þessu ekki, því þá er v/b. Ársæll búinn að snúa upp að Klettinum og í veg fyrir v/b. Kára. Með tilliti til þess, að framburður Ársælsmanna er bersýnilega rangur um jafn veigamikil aðtriði, þykir einnig varhugavert að taka tillit til neitunar þeirra um að hafa beygt til bakborða. Með hliðsjón af því, er nú hefur verið greint, fær rétturinn ekki séð,

að v/b. Kára verði gefin sök á árekstrinum. Sigling v/b. Kára og stjórnök formannsins virðast að öllu leyti réttlætanleg, og þegar árekstur er fyrirjáanlegur, er það gert, sem hægt er, til að draga úr tjóninu með því að bakka fullt með vélinni, það sem Ársælsmenn létu hins vegar hjá liða. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna hina stefndu af kröfum stefnanda að öllu leyti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir annir dómsformanns vegna alþingiskosninga hefur nokkur dráttur orðið á uppkvaðningu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/b. Kára, Þórdís Guðjónsdóttir, Jóhann Sigfússon, Óskar Jónsson og Þórarinn Guðjónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Guðmundar Einarssonar f. h. eigenda v/b. Ársæls, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 21. maí 1943.

Nr. 90/1942: **Stefán Stefánsson** (Kristján Guðlaugsson)  
 gegn

**Fanneyju Benónýs** (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson  
 í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Útburðarmál.

### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson, nú settur lögmaður í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1942 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og framkvæmd útburðar leyfð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda hefur á leigu allt húsið við Baldursgötu 12, sem er 2 herbergi, eldhús og geymslur. Þjó hún þar ásamt börnum sínum tveimur í nóvember 1941, er danskur maður, Jens Maríus Jensen, fluttist inn á heimilið. Hefur hann dvalizt þar síðan í íbúð stefndu og kveðst sjá fyrir heimilinu